

anda. Umrædd útsvarsálagning hafi því verið ólögmet skv. ákvæðum þágildandi útsvarslaga nr. 66/1945, 8. gr.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að krafa sú, er hér um ræðir, hafi fyrst verið höfð uppi gagnvart honum með útgáfu stefnu máls þessa.

Í vottorði Hagstofu Íslands, dags. 13. ágúst 1964, segir, að samkvæmt gögnum þjóðskrárinnar hafi stefndi flutzt til Sauðárkróks 21. desember 1959 og verið þar til 17. ágúst 1960, að hann flytur þaðan til Reykjavíkur. Þá liggur og fyrir í málinu, að stefnandi starfaði hjá Kr. Kristjánssyni h/f hér í Reykjavík á tímabilinu 24. júlí til 31. desember 1960.

Að þessu athuguðu þykir í ljós leitt, að stefndi hafi ekki átt heimilisfang á Sauðárkróki á þeim tíma, er hér skiptir máli, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskosstnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Baldursson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarsjóðs Sauðárkróks, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. nóvember 1966.

Nr. 8/1965. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
 gegn
Eigendum m/b Baldurs, SH 106,
og til réttargæzlu Brunabótafélagi Íslands
 (Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Skaðabótamál. Framkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1965. Krefst hann þess, að stefndu, eigendur m/b Baldurs, SH 106, verði dæmt að greiða kr.

48.000.00 með 7% ársvöxtum frá 27. febrúar 1963 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá 1. janúar til 31. desember 1965 og með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hendi réttargæzlustefnda, Brunabótafélags Íslands, hafa engar kröfur verið gerðar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefndu, eigendum m/b Baldurs, SH 106, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 11. maí 1963, gegn Lárusi Guðmundssyni útgerðarstjóra, Stykkishólmi, fyrir hönd eigenda m/b Baldurs, SH 106, til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 48.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 27. febrúar 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Brunabótafélagi Íslands hefur verið stefnt til réttargæzlu. Engar sjálfstæðar kröfur hafa verið gerðar á hendur því félagi, og það hefur engar kröfur gert í málinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að hinn 18. nóvember 1959 var Erlingur Kristjánsson verkamaður að vinna um borð í m/b Baldri í Reykjavíkurhöfn ásamt fleiri mönnum. Var Erlingur í lest að taka á móti vörum og búlka þær. Var að mestu búið að fylla lestina að framan og aftan, en nokkurt rými þó aftur í. Spilmaður var Vilmar Þorsteinsson, en lógumaður Hannes Pálsson.

Kapalrúlla var með bómu skipsins sett niður í lestina. Var stroffa gegnum gat á henni miðri og spýta eða járn í auga stroffunnar, þannig að rúllan kom niður í lestina á endann. Þannig var ekki hægt að koma henni fyrir, svo að lestarmennirnir settu kaðalstroffu utan um hana, svo að hægt væri að velta henni. Rúllunni var svo lyft á kaðalstroffunni, svo að hægt væri að snúa henni og láta í pláss fyrir aftan. Stroffan, sem fyrir var, var fjarlægð áður. Erlingur stóð bakborðsmegin í lestinni, en rúllan var í miðri lestinni. Er rúllunni var lyft, slengdist hún út í síðuna og á Erling, sem tók á móti henni með höndunum, og meiddist hann við það á litla fingri vinstri handar. Var hann lengi frá vinnu vegna slyssins, og er varanleg örorka hans metin 3%. Engin rannsókn var framkvæmd út af slysinu fyrr en allöngu síðar. Erlingur gerði kröfu um bætur á hendur stefnanda, og eftir samkomu-lag um þær greiddi stefnandi honum kr. 48.000.00 sem fullnaðar-og lokagreiðslu vegna slyssins.

Stefnandi annast afgreiðslu m/b Baldurs hér í Reykjavík. Tekur á móti vörum, sem með skipinu eiga að fara, og tekur við vörum úr því og afgreiðir þær úr pakkhúsi sínu til viðtakanda. Einnig sér stefnandi um útvegum á mönnum til að vinna við út- og uppskipun og hefur á hendi verkstjórn við það. Stefnandi greiðir kaup til verkamanna, sem þessi störf framkvæma. Stefnandi er hins vegar fært til gjalda á sérstökum viðskiptamannareikningi kaup starfsmanna, og greiðir stefndi það við árlegt uppgjör. Þóknun stefnanda fyrir þessi afgreiðslustörf greiðir stefndi árlega við uppgjör með hundraðshluta greiðslu miðað við flutning.

Í rannsókn út af slysinu, sem fram fór 26. júlí 1960, voru teknar skýrslur af stefnanda, lúgumanninum Hannesi og spilmanninum Vilmari. Stefnandi gat enga grein gert sér fyrir því, af hvaða ástæðum rúllan slengdist út í síðu bátsins. Lúgumaðurinn kvaðst hafa gefið spilmanninum merki og um leið kallað til mannanna í lestinni að vera viðbúna. Þegar rúllunni var lyft, þá hafi báturinn hreyft til. Hann kvaðst ekki sjá, að þetta hafi verið neinum sérstökum að kenna, þetta sé eitt af því ófyrirsjáanlega og engri ógætni um að kenna. Spilmaðurinn Vilmar kvaðst ekki hafa séð niður í lestina vegna staðsetningar spilsins. Hann kvað gerta hafa verið í bómunni, annar hafi verið fastur í út-síðu bátsins, en uppi á bryggjunni hafi maður verið við hinn gertann. Er rúllan hafi verið sett í fyrra skiptið, hefur maðurinn sleppt gertanum og haldið, að allt væri í lagi. Þetta hafi þeir Hannes ekki athugað og þegar rúllunni var lyft í síðara skiptið,

hafi bóman verið laus og rúllan því slegizt út í síðuna, þar sem slagsíða hafi verið á bátnum. Hann kvað Hannes, strax og hann hafi séð, að gertinn var laus, hafa rokið upp og skammað manninn við gertann fyrir að hafa ekki haldið í hann.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að stefndi beri fóbótaábyrgð á slysi þessu. Stefnandi útvegar menn þá, sem að upp- og útskipuninni starfa, á kostnað og ábyrgð stefnda, enda er og slysaftryggingargjald vegna þessara manna greitt af stefnda við ársuppgjörið. 121. gr. og 141. gr. siglingalaga nr. 56/1914 kveði svo á, að farmflytjandi annist og kosti búlkun og affermingu góss. Bendir stefnandi á það, að hann taki enga þóknun sérstaklega vegna vinnu manna þessara, heldur sé stefndi skuldfærður fyrir launum þeirra án sérstakrar álagningar á þau. Hér umræddir menn séu því starfsmenn stefnda. Af skýrslum þeim um slysið, sem fyrir liggja, verður eigi séð, að um vítaverða vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu starfsmannanna né heldur að þeim eða öðrum verði á nokkurn hátt um slysið kennt.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að slysið hafi orðið fyrir mistök þeirra manna, sem að verkinu unnu. Stefnandi rekur skipaafgreiðslu hér í Reykjavík. Í þjónustu hans eru því menn, sem hann ræður til þeirra starfa. Í tilviki því, sem hér um ræðir, hefur stefnandi tekið að sér afgreiðslu fyrir stefnda. Hann ræður menn til þeirra starfa, hefur verkstjórn á hendi og greiðir þeim laun. Stefndi kemur þar hvergi nærri. Menn þessir séu því að öllu leyti á ábyrgð stefnanda. Eftir hér umrætt slys tilkynnti stefnandi hvorki stefnda né rannsóknarlögreglu um slysið eða hlutaðist til á annan hátt um það, að rannsókn færi fram. Af rannsókn þeirri, sem síðar fór fram, verði eigi annað séð en að slysið hafi orðið fyrir mistök af hálfu starfsmanna stefnanda. Maður sá, er stjórnaði gertanum, hafi ekki verið á sínum stað og fyrir þau mistök megi rekja orsök slyssins. Hvergi komi fram, að orsök slyssins eigi rætur að rekja til bilunar í tækjum bátsins.

Af rannsókn þeirri, sem fyrir liggur og hér að framan er rakin, verður eigi fullkomlega ráðið, hver orsök var að slysinu. Verður það þó helzt ráðið, að slysið eigi rætur að rekja til mistaka af hálfu strfsmanna eða þá fyrir óhappatilvik. Ekkert bendir til þess, að bilun í tækjum bátsins hafi þar átt þátt. Eins og fyrr segir, annast stefnandi afgreiðslu bátsins og hefur á hendi starfsmannahald og verkstjórn án nokkurra afskipta stefnda. Þegar það er virt, hvernig viðskiptum aðilja er háttað, og eigi

hefur verið í ljós leitt af hálfu stefnanda, að stefndi hafi tekið á sig ábyrgð á skaðaverkum starfsmannanna, þykir stefnandi eigi eiga rétt til endurgreiðslu úr hendi stefnda á fébótum þeim, sem málið tekur til. Verður og eigi séð, að lög eða lagareglur veiti stefnanda rétt til endurgreiðslu þeirrar. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, eigendur m/b Baldurs, SH 106, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Skipaútgerðar ríkisins, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1966.

Nr. 22/1966. **Glettingur h/f** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum
f. h. bæjarsjóðs (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Skattar. Aðstöðugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Ófeigur Eiríksson, bæjarfógeti í Neskaupstað, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1966 og haft uppi þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.